

**Ávarp forsetafrúar
Elizu Reid
við afhendingu Eyrarrósarinnar
Hjalteyri
16. febrúar 2017**

Kæru gestir,

Bestu þakkir fyrir að bjóða mér að vera hér með ykkur í dag. Ég hef átt því láni að fagna sem forsetafrú undanfarið hálf t. ár eða svo að eiga samskipti við fólk úr öllum kimum íslensks samfélags, einstaklinga sem með fjölbreyttum hætti leggja fram einstakan og mikilvægan skerf til samfélagsins.

Það skiptir mig miklu að hafa verið beðin um að vera verndari Eyrarrósarinnar og fá að afhenda verðlaunin hér í dag. Allt frá því að ég flutti til Íslands fyrir næstum fjórtán árum hefur komið mér stöðugt á óvart hin mikla dýpt og fjölbreytni á sviðum sköpunar á þessari eyju. Í fyrra starfi mínu, skrifum fyrir Iceland Review og seinna flugtímarit Icelandair, reyndi ég að koma þessu á framfæri við erlenda gesti okkar. Og þegar ég held ræður eða kem fram erlendis eru áheyrendur ekki síst hrifnir þegar þeir heyra um þá ótrúlega mörgu viðburði á sviði lista, tónlistar, bókmennta, hönnunar og annarrar skapandi iðju, sem skipulagðir eru hér á hverju ári.

Það er mér líka heiður að fá að vekja athygli á því starfi sem unnið er utan höfuðborgarsvæðisins. Sjálf ólst ég upp á landsbyggðinni, á því sem kalla mætti tómstundabýli – og þar voru raunar íslenskar kindur. Og þó við værum bara um fimmtíu kílómetrum frá miðborg Ottawa kynntist ég þeim einstæðu kostum – og ögrunum – sem fylgja uppvexti í dreifbýlinu. Við þurfum að halda áfram að styðja við og hvetja framtak og frumkvæði sem auka víddum við menningu landsbyggðarinnar.

Og listi þeirra sem tilnefndir eru, hann er sannarlega glæsilegur; listamannaþúðir og hvetjandi vinnustofur, frumlegar listahátíðir, einstæð tónlistarhátíð og setur sem helgað er vesturförum – og það setur var raunar einn af fyrstu stöðunum sem ég heimsótti þegar ég kom til Íslands.

Ég óska Alþýðuhúsinu, Eistnaflugi, List í ljósi, Rúllandi snjóbolta, Neslistamistöð og Vesturfarasetrinu hjartanlega til hamingju með að hafa komist á Eyrarrósarlistann. Ég óska líka öllum þeim frábæru verkefnum sem komu til álita þetta árið til hamingju. Þið eigið öll heiður skilinn fyrir ykkar framlag til þess að auðga menningu og samfélag okkar.